

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 30. maí 2016 kl. 14-15.45 í Aðalbyggingu

Mætt voru: Guðmundur Hálfðanarson (formaður, sem stjórnaði fundi), Arngrímur Vídalín (fulltrúi doktorsnema), Benedikt Hjartarson (B&L), Björn Þorsteinsson (HEIM), Eiríkur Rögnvaldsson (MVS), Geir Þórarinn Þórarinsson (SVF), Ragnheiður Kristjánsdóttir (SAGN), Rúnar Már Þorsteinsson (GUÐ), Sólveig Anna Bóasdóttir (RIKK), Valur Ingimundarson (EDDA), Margrét Guðmundsdóttir og Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð). Vilhjálmur Árnason (SIÐ) boðaði forföll.

Fundargerð

1. *Fundargerð síðasta fundar*: Fundargerð frá 13. apríl var samþykkt.

2. *Framlög til stofnana 2016*: ESS kynnti og dreifði yfirliti yfir framlögin 2016. Hann tók fram að leiðrétting til SVF vegna 2014 yrði afgreidd sér. ER benti á að það ætti eftir að leiðrétta styrki hjá MÁL. ESS tók til umræðu eldri ákvörðun um 100.000 kr. þóknun til stjórnarformanna og sagði að bókanir í eldri fundargerðum væru óljósar um hvaðan þessi þóknun ætti að koma. Skipting á stofnanir var samþykkt með fyrirvara um bókaðar leiðréttingar. GH, ESS og MGU falið að koma með nýja tillögu um hvernig ætti að haga greiðslu þóknunar til stjórnarmeðlima.

3. *Notkun sóknarstyrkja*: ESS kynnti tillögu um að taka 25% af öllum sóknarstyrkjum til að mæta útlögðum kostnaði vegna vinnu við alþjóðlegar umsóknir. Restin verði greidd inn á rannsóknareikninga þeirra sem stóðu fyrir umsóknum. Tillagan einróma samþykkt.

4. *Notkun samrekstrarstyrkja*: ESS kynnti. Með styrkur úr Rannsóknasjóði (Rannís) fylgja nú 25% vegna samrekstrar (e. overhead). Háskólaráð hefur samþykkt reglur um hvernig þessu fé skuli skipt og skv. því fær miðlæg stjórnsýsla 20%, verkefnið sjálft fær 40% og fræðasviðið sem hýsir verkefnið fær 40%. GH tók fram að samrekstarféð ætti að nýtast sem best fyrir rannsóknastarfsemi á sviðinu. Stjórnin ræddi hvernig best væri að nýta þetta viðbótarfé, hvað þyrfti til að reka verkefni vel og hvað væri æskilegt til að efla rannsóknir á sviðinu. GH mun vinna áfram með málið.

5. *Húsnæðismál stofnana*: GH kynnti. Hugvísindasvið á erfitt með að finna húsnæði fyrir verkefnaráðið fólk. Málið er aðkallandi þar sem hópur nýdoktora tekur til starfa í sumar og haust. Eins vantar húsnæði fyrir vinnu í stærri rannsóknarefnum. Vandinn snýst ekki um skort á fé heldur um skort á aðgengilegu húsnæði. MGU dreifði minnisblaði um húsnæði sem stofnanirnar ráða yfir og um notkun þess. Notkun á húsnæði stofnana er mjög misjöfn, sumar eru í vandræðum með pláss en aðrar eru ekki að fullnýta sitt húsnæði eins og til stóð. Málið var rætt og var samkomulag um að kannaður yrði möguleikinn á að hafa allt húsnæði í einum potti til ráðstöfunar á sviðinu þar sem einstaka stofnanir hafi þó forgang að ákveðnu húsnæði.

6. *Opunarfyrirlestrar á Hugvísindapingi 2017 og 2018*: GH kynnti hugmyndir um að bjóða alþjóðlega þekktum fyrirlesurum til að opna Hugvísindaping á næstu árum. Síðustu tvö þing hafa verið opnuð af karlkyns fyrirlesurum og því er ástæða til að bjóða kvenkyns fyrirlesara til að opna næsta þing. Nokkur nöfn voru kynnt til sögunnar (Martha Nussbaum, Marina Warner,

Judith Butler) og fleiri voru nefnd í umræðum (Rosi Braidotti, Catherine Malabou, Madina Tlostanova). Málið fékk stuðning stjórnar.

7. *Vísindanefnd HÍ*: VI gerði grein fyrir úthlutun styrkja til doktorsnema. Hann lýsti ánægju með vinnu fagráðs og vísindanefndar og með útkomuna. Svið háskólans fá fjölda styrkja í góðu samræmi við sókn og gæði umsókna.

4. *Önnur mál*: A: ER spurði um aðild emerita að stofnunum. Reglur stofnana eru ekki samhljóða um aðild þeirra. Málið verður athugað. B: GH upplýsti stjórnina um að rektor hafi samþykkt að leggja hornstein að nýju húsi SVF sunnudaginn 19. júní.

Fundi slitið kl. 15.45